# Kvölda tekur sest er sól

Höf. ókunnur

Íslenskt þjóðlag




Senn er komið sólarlag,
sést á norðurtindum,
líður á þennan dýrðardag;
drottinn stýrir vindum.

Senn er komið sólarlag,
sést á norðurheiðum,
líður á þennan dýrðardag;
drottinn stýrir leiðum.

Senn er komið sólarlag,
sést á norðurhnjúkum,
líður á þennan dýrðardag;
drottinn hjálpi sjúkum.

Senn er komið sólarlag,
sést á norðurfjöllum,
líður á þennan dýrðardag;
drottinn hjálpi´ oss öllum.

Senn er komið sólarlag,
sendi´ oss drottinn friðinn,
og svo gefi annan dag
eftir þennan liðinn.